

- 216 Staðfesting ríkisstjóra Íslands á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Kristmanns  
21. nóv. Tómassonar á Akranesi“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkju-  
málaráðherra 21. nóvember 1941.  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Kristmanns Tómassonar á Akranesi.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Kristmanns Tómassonar á Akranesi. Er hann stofnaður til minningar um Kristmann sál. Tómasson sóknarnefndarmann og fiski-  
matsmann á Akranesi, er andaðist 20. júlí 1941.

### 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að gefa börnum, sem fermast í Akranesirkirkju, Nýjatesta-  
menti og Passíusálma, og brúðhjónum, er giftast á Akranesi, biblíu, með áletran  
sjóðsins og blessunaróskum kirkjunnar (Dav.sálm. 118, 26), sbr. 5. gr.

### 3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa sóknarnefnd og sóknarprestur Akranesirkirkju. Nú verður  
skilnaður ríkis og kirkju og skal þá safnaðarstjórn evangelísk-lúthersks safnaðar á  
Akranesi skipa stjórn sjóðsins ásamt forstöðumanni safnaðarins.

### 4. gr.

Stofnfé sjóðsins er minningargjafir, að upphæð 1000 krónur, er ávaxtast í aðal-  
deild Söfnunarsjóðs Íslands og skal a. m. k. helmingur vaxta jafnan lagður við höf-  
uðstól, en útborguðum vaxtahluta skal stjórn sjóðsins verja samkvæmt tilgangi hans.

### 5. gr.

Þangað til sjóðurinn vex svo, að unnt verði að fullnægja að öllu tilgangi hans  
samkv. 2. gr. má verja útborguðum vaxtahluta til þess að gefa fermingarbörnum  
Nýjatestamenti. En þegar sjóðurinn hefur vaxið svo, að hann er orðinn meira en  
fær um að fullnægja greindum tilgangi, má verja útborguðum vöxtum að nokkru til  
þess að afla sóknarkirkjunni góðra gripa, eða til eflingar safnaðarlífi á Akranesi, á  
þann hátt er sjóðstjórnin telur best henta.

### 6. gr.

Sjóðstjórnin gerir árlega reikning sjóðsins, leggur hann fyrir safnaðarfund,  
ásamt kirkjureikningi og sendir eftirlitsnefnd opinberra sjóða afrit hans.

### 7. gr.

Skipulagsskráin er, samkvæmt ósk stofnenda, gerð af undirritaðri ekkju Krist-  
manns Tómassonar, og skal leita staðfestingar æðstu stjórnar ríkisins á skipulags-  
skrá þessari.

Akranesi, 1. nóvember 1941.

Helga Níelsdóttir.